

1862.

27. októberm. sem eru í efsta bekk barnaskólans, þar sem þeim sé kennt að spinna og undirbúa ullina undir að hún sé spunnin, svo og að prjóna, vefa og sauma.

34. gr. Að fengnum uppástungum skólaneftdarinnar og álitum bæjarstjórnarinnar, skal skólastjórnin skipa fyrir um fyrirkomulag kennslunnar í skóla þessum, þegar hann kemst á, svo og eptir hverjum reglum börn skuli fara í skólann m. m.

Stjórn kirkju- og kennslumálanna, 27. dag októberm. 1862.

D. G. Monrad.

27. októberm. **69. Instrúx fyrir kennarana við barnaskólann í Reykjavík.**

1. gr. Kennarar skólans eiga ekki að eins vandlega að gæta alls þess, sem er skylda þeirra eptir skólareglugjörðinni og áætluninni, heldur og að öðru leyti í kristilegu lífni ganga á undan hinum ungu með góðu eptirdæmi, og ávinna sér þá virðing, sem er hið eina, er getur veitt kennslunni full áhrif og fullt afl.

2. gr. Sér í lagi er það skylda yfirkenningarans að hafa á hendi hina daglegu umsjón yfir börnunum í skólanum, að sjá um, að farið sé eptir þeim reglum, sem settar hafa verið um kennsluna, og að aðstoda skólaneftdina í öllu því, er getur miðað til að efla hag skólans.

3. gr. Kennararnir eiga í viðskiptum sínum við börnin að sameina mildi og alvörugefni, haga sér eptir gáfnalagi og skapferli barnanna, og leitast við að ávinna sér hylli þeirra.

4. gr. Það er ætlandi hverjum vel siðudum manni að unna þrifnadi og leggja stund á hann; slíkt er og áriðandi vegna heilsunnar. Kennarar skólans eiga því vandlega að hafa gát á, að börnin séu þrifaleg. Verði sú raun á, að foreldrar, fjárhaldsmenn eður húsbændur séu um það sakandi, að börnin séu ósæmilega á sig komin, á kennarinn að reyna að fá þau til að hirða betur um börn sín eður hjú; en verði slíkar áminningar árangurslausar, skal hann kunngjöra það skólaneftdinni, svo hún geti ákveðið, hvað gjöra skuli.

1862.

5. gr. Það er og áriðandi, að börnin séu vanin við reglu-
semi, og á því kennarinn að hafa gætur á, að spjöld, bækur, ritföng og annað þess konar sé lagt reglulega á tiltekna staði í skólanum, og að því sé haldið þokkalegu.
6. gr. Enn fremur ber að halda bekknum hreinum og þrifalegum, sópa gólf að minnsta kosti tvisvar í viku, og ljúka upp gluggum á hverjum degi þegar kennslutímunum er lokið; skal yfirkennarinn hafa gætur á þessu.
7. gr. Kennarinn á að láta sér vera jafn umhugað um og leggja sömu ástundun á uppfræðing og uppeldi allra barnanna, og leitast þess vegna við, með því að vanda kennslu sína og við hafa kristilegan aga, að gjöra úr hinum ungu menntaða, siðláta og guðhrædda limi safnaðarins og borgaralegs félags.
8. gr. Við kennsluna á kennarinn að leggja stund á að vekja og við halda löngun barnanna til að nema það, sem kennt er í skólanum, og á hann því að gjöra sér far um, að tilsögnin verði skemmtileg, til þess að börnin séu eptirtektasöm og vel liggi á þeim; hann á og vandlega að taka eptir, hvort þau hafi skilið það, sem hefir verið yfir farið eður lesið með þeim.
9. gr. Kennarinn á einkum með munnlegri tilsögn, með því að sýna börnunum ýmsa hluti, sem vel eiga við, og uppdrætti, með skiljanlegri og auðveldri útlistun, frásögn og viðræðum að æfa og efla sálargáfur hinna yngri barnanna, en eigi láta þau þreyta sig á því að fást sjálf við kennslubækur eður lestrarbækur; svo á hann og eigi heldur að láta eldri börnin læra utanbókar í kennslubókunum það, sem eigi hefir verið áður yfir farið með þeim; því með því ávinna börnin ekki annað en að verða leikin í að þylja hugsunarlaust upp það, sem þau hafa lært, án þess þau hafi neitt gagn af því. Það á að vera stöðug viðleitni kennarans að leiðbeina börnunum á þann hátt, að þau fái ljósan skilning á kennslunni í skólanum, og að þau með lífi og fjöri innræti sér hana.
10. gr. Um einstök atriði kennslunnar, þá skal nákvæmlega farið eptir lestrartöflu þeirri, sem hlutaðeigandi yfirboðarar hafa sett, og ber þess að gæta þegar slík tafla er til búin, að

1862. breytt sé til um kennslugreinirnar, svo að börnin eigi þurfi
27. októberm. að fást við sömu lærdómsgrein lengur en eina stund í senn.

11. gr. Á degi hverjum skal kennslan byrja og enda með stuttri gudrækilegri bæn eður söng, sem börnin skilja; skulu bæði kennararnir og börnin standa meðan þetta fer fram. Komi eitthvert barnanna of seint, skal það standa við dyrnar þangað til morgunbæninni er lokið, til þess að trufla ekki bænahaldið.

12. gr. Við trúarbragðakennsluna á kennarinn einkum að gjöra sér far um, að tilsógnin fari fram með þeirri alvöruhefni og sé svo auðveld, sem sambodið er efninu sjálfu og sálaratgjörfu barnanna. Það er eigi nóg að gjöra hin helgu sannindi ljós fyrir skynseminni til umhugsunar, heldur á og að innræta þau hjörtum barnanna til eptirbreytni.

13. gr. Kennarinn á, að svo miklu leyti, sem í hans valdi stendur, að stuðla til þess, að hin eldri börnin sækji kirkju og taki þátt í guðsþjónustugjörðinni með söfnuðinum. Þegar for-eldrar, fjárhaldsmenn eður húsbændur eru hirdulausir í þessu efni, á hann því að áminna þá, og einnig jafnadarlega hvetja börnin til að fara með sér í kirkju, leiðbeina þeim til að skilja rétt og færa sér í nyt guðsord og hinar helgu athafnir, og láta þau iðuglega temja sér sálmasöng.

14. gr. Lestrartafla sú, sem hefir verið samþykkt samkvæmt skólareglugjörðinni (19. gr.), skal upp fest í bekknum í skólanum öllum til sýnis.

15. gr. Yfirkennarinn á að fá hjá skólanefndinni lista yfir öll þau börn í bænum, sem skyld eru að fara í skólann, og eiga síðan hlutaðeigandi kennarar að innskrifa börn þau, er skólann sækja, í þann bekk í skólanum, sem þau eiga að vera í.

16. gr. En í hverjum bekk skal haldin dagbók, er löguð sé eptir formi því, er skólastjórnin ákveður; í þá bók skal rita nöfn barnanna, aldur þeirra, hvort þau koma daglega í skólann eður ekki, iðni þeirra og framfarir m. m. Í þessa bók skal og rita skýrslu um, þegar einhver dagur eður stund fellur úr, sem ekki er kennt í skólanum, og hverjar ástæður eru til þess; skal hún ávallt vera í skólanum, og hvenær sem þess er óskað, vera til

1862.

27. októberm.

sýnis þeim, sem eru í skólastjórninni, eður öðrum yfirboðurum, þá er þeir koma í skólann.

17. gr. Það er skylda sérhvers af kennurum skólans að hafa gætur á því, að börnin ekki vanræki skólann eður kirkjuferðir. Geti hann eigi sjálfur ráðið bót á viðvarandi hirduleysi í þessu efni, á hann að bera sig upp um það við dómkirkju-prestinn.

Nú ber það opt við, að barn kemur of seint í skólann, og er því sjálfu um það að kenna, skal þá kennarinn hegna því með því að flytja það niður í bekknum, eður með því að synja því um þau leyfi, eður þær skemtarnir, sem veitt er hinum börnunum og því um líkt. Verði enginn árangur af þessu, eður verði sú raun á, að foreldrum, fjárhaldsmönnum eður húsbændum sé um það að kenna, þá skal skólaneftdinni skýrt frá, hvernig ástatt er, til þess hún ákveði hvað gjöra skuli.

18. gr. Í fimm mínútur af hverri klukkustund, sem börnin eru í skólanum á degi hverjum, skulu þau eiga tólmstund sér til hvíldar og hressingar fyrir utan bekkinn undir tilsjón kennara. Tólmstundum þessum skal skipt niður eptir ákvörðun skólaneftdarinnar, sem einnig skipar fyrir um umsjónina.

19. gr. Kennararnir eiga að gæta þess, að farið sé eptir því, sem fyrir er mælt í 7. og 8. grein í skólareglugjörðinni um þau börn, sem hafa næm útbrot eða einhverja næma sýki. Slík börn á því hlutaðeigandi kennari þegar í stað að láta fara úr skólanum heim til sín, og kunnngjöra foreldrum, fjárhaldsmönnum eður húsbændum orsökina til þess; svo og á að gefa skólaneftdinni þetta til vitundar.

20. gr. Þegar kennararnir beita skólaaga þeim, sem þeir eiga vald á að við hafa, ber þeim vandlega að varast hlutdrægni og reiði og þar af leiðandi bráðræðisverk. Einkum ber þeim að fara gætilega að, er þeir veita börnum verðlaun eður refsa þeim, og þannig leitast við að sporna móti því, að þau verði hægómleg fyrir verðlaun, sem þeim eru veitt um skör fram, eður þverúðarfull eður huglaus fyrir óviðurkvæmilega hegning.

21. gr. Kennaranum skal gefið á vald að veita þeim

1862. börnum hæfileg verðlaun, sem taka öðrum fram að iðni og sið-
 27. októberm. gæði. Þegar hegna skal barni, ber honum að varast sérhverja þá meðferð, sem særir hina eðlilegu sómatilfinning barnsins, og þannig tálmar þeirri betrun, sem til er ætlazt að leiði af hegningunni, svo á hann og að varast slíka meðferð, er geti meitt líkama barnsins eður spillt heilsu þess. Hann má því aldrei leyfa sér að við hafa ókvæðisorð og háðugleg nöfn, eða gefa börnunum utanundir, hrinda þeim og slá til þeirra með hendinni. Þyki líkamleg refsing nauðsynleg eptir ítrekaðar áminningar og mildari hegning, þá má kennarinn við hafa lítinn og mjóan spanskreyr til að refsa með. Verði sú raun á, að slík refsing sé ónóg, skal kennarinn tilkynna skólanefndinni, hvernig brotinu sé varið, til þess hann geti fengið ákvörðun hennar um, hvernig að skuli farið.

22. gr. Kennarinn á ætíð að ástunda að lifa í góðu samlyndi við foreldra barna þeirra, sem honum er trúað fyrir, eður við þá, sem ganga börnunum í foreldra stad. Þegar færi gefst, á hann að skýra frá iðni og framförum barna þeirra, og hvernig þau hegði sér í skólanum; þar að auki á hann eptir megni að leggja þeim góð ráð um uppeldi barnanna, og sjálfur nota það, sem hann fær að vita um hagi þeirra þar sem þau eiga heima, þeim til góðs við kennslu og menntun þeirra í skólanum.

23. gr. Kennarinn á að sýna tilhlýðilega virðing yfirboðurum sínum, sem eiga að hafa eptirlit með embættisfærslu hans, hegða sér dyggilega eptir boðum þeirra, og fúslega aðstoða þá í þeim störfum, sem snerta hagi skólans. Þykist hann hafa ástæðu til að bera fram umkvörtun yfir einhverjum, eða bæn um eitthvað, er snertir sjálfan hann eður embætti hans, þá á hann að fara með þetta til skólanefndarinnar, sem er skyld að bera málið undir úrlausn skólastjórnarinuar, ef þess annaðhvort er æskt, eður það þykir nauðsynlegt.

Stjórn kirkju- og kennslumálanna, 27. dag októberm. 1862.

D. G. Monrad.